

Nd.

357. Frumvarp til laga

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við 38. gr. laganna bætist:

Um sjómenn gilda svo hljóðandi sérákvæði:

Sérhver skipverji, sem lögskráður eða ráðinn er á íslenskt skip, er tryggður gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð í skipi eða í landi, fyrir kr. 200000.00 — miðað við fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði sjómanna. Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum samkvæmt reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir allar ráðstafanir, sem gerðar eru til slysavarna, kostar hin harða sjósókn íslenskra sjómanna sífellt fórnir, og sérhver maður, sem ræðst í skiprúm, stofnar með því lífi sínu og limum í meiri hættu en við flest önnur störf, sem hann tækist á hendur í atvinnulífinu.

Þessa hættu, sem við sjómönnum blasir, láta þeir ekki á sig fá, en skylt ætti að vera að bæta fjölskyldum þeirra þó að nokkru leyti fjárhagslega, ef illa fer.

Þótt annað verði ekki bætt, er fráleitt, að auk þess gjaldi fjölskyldur sjómanna þess fjárhagslega án nokkurra sérþóta, hversu miklar hættur fyrirvinna sjómannaheimilanna stofnar sér í með því að taka að sér mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu.

Slysaþetta, sem fylgir starfi sjómanna, er að svo miklum mun meiri en við önnur störf, að þeim, sem stunda sjóinn, ber að tryggja hærri bætur en öðrum. Má á það benda, sem alþekkt er, að einstaklingar, er telja sig stofna sér í meiri hættu um tiltekinn tíma en að jafnaði annars, t. d. vegna ferðalaga, kaupa iðulega sérstaka, háa ferðatryggingu, meðan sú hættu varir. Sjómenn eru að staðaldri í meiri hættu við störf sín en um er að ræða við venjuleg ferðalög og því eðlilegt, að trygging þeirra sé hærri en almennt gerist.

Yfirmenn á togurum og farskipum hafa tryggt sér 200000.00 kr. líftryggingu, en aðrir sjómenn eru ekki sérstaklega tryggðir vegna starfa sinna umfram slysa-tryggingu almannatrygginganna.

Frumvarp þetta er fram horið til þess að tryggja, að enginn sjómaður verði lægra tryggður en yfirmenn á skipum eru nú, enda er á allan hátt óviðeigandi og til vansæmdar, að ekki séu allir sjómenn jafnhátt tryggðir.

Í viðræðum samninganefnda sjómannasamtakanna og Landssambands íslenskra útvegsmanna nú fyrir skemmstu báru fulltrúar sjómannasamtakanna fram kröfu um örorku- og dánarbætur sjómanna. Samkomulag náðist ekki um að taka ákvæði um slíkar bætur inn í kjarasamninga. En báðar samninganefndirnar undirrituðu yfirlýsingu þess efnis, að með tilliti til þeirra mikilvægu starfa, sem sjómannastéttin innir af höndum fyrir þjóðarheildina, og þeirrar áhættu, sem störfum hennar er samfara, sé nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði laga, er gilda um örorku- og dánarbætur sjómanna. Hétu báðar nefndirnar að vinna að breyttri löggjöf til að tryggja betur viðurkenningu á þessari sérstöðu sjómanna. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.